

FORSENDUR

LAGAUMGJÖRÐ

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2020 er lögð fram og unnin skv. fyrir mælum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt lögnum skal bæjarráð leggja fyrir bæjarstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir bæinn. Tillögu að fjárhagsáætlun skal skv. lögnum leggja fyrir bæjarstjórn ekki síðar en 1. nóvember og skal fjalla um tillögurnar á tveimur fundum. Lokaafgreiðsla fjárhagsáætlunar skal liggja fyrir í síðasta lagi 15. desember.

Skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga er fjárhagsáætlun komandi árs bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir. Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema með samþykkt viðauka í bæjarstjórn. Á það við um allar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða.

Því ber að líta á fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar sem fjárveitingu til rekstrar og óheimilt er að víkja frá ákvörðun bæjarstjórnar í þeim efnum.

Opnuð var samráðsgátt á vefnum fyrir íbúa Kópavogs í aðdraganda vinnu við fjárhagsáætlun bæjarins. Samráðsgáttin var opin frá 11. september til 25. september og bárust 67 ábendingar. Unnið verður úr tillögum íbúa milli fyrstu og annarrar umræðu um fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar og tillit tekið til sjónarmiða þeirra.

Ungmennaráð Kópavogs stóð fyrir ungmennabingi 18. mars 2019 þar sem unglingum og ungmennum gafst tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri. Ráðið ákvað í sameiningu að velja sex málefni sem mest umræða skapaðist um á þinginu, auk þess sem þau tóku mið af umræðum á fundum ungmennaráðs um veturinn. Þessi sex málefni voru valin til umræðu og tillögugerðar á fundi með bæjarstjórn sem haldinn var sl. vor, 21. maí 2019 við góða undirtekt og hlustun bæjarfulltrúa.

Í fjárhagsáætlun 2020 verða fundnar leiðir til að mæta þeim tillögum sem ungmennaráð lagði fram og færði rök fyrir á fundi með bæjarstjórn. Auk þess verður leitast við að hafa samráð við starfandi ungmennaráð til að ræða sjónarmið, mögulegar útfærslur, framkvæmd og forgangsröðun umræddra tillagna. Þær tillögur sem komu fram lutu að aðgengi að dömubindum eða túrtöppum á kvennaklósettum í grunnskólum bæjarins, sumaropnanir og meiri opnun á skólatíma í félagsmiðstöðvum, aðgengi að ruslatunnum, nemendum verði útveguð lyklaborð með lpad og að boðið yrði upp á skyndihjálps/sjálfsvörn í grunnskólum og opna tíma hjá sálfræðingi fyrir nemendur.

FJÁRHAGSLEGAR FORSENDUR

Við áætlun tekna bæjarins er stuðst við margvíslegar forsendur. Ekki þarf mikið til að áætlanir raskist gangi forsendur ekki eftir. Undanfarin ár hafa forsendur við gerð tekjuáætlunar bæjarins þó gengið nokkuð vel eftir enda hefur verið farið fram með varkárni við mat forsendna. Á myndinni til hliðar má t.a.m. sjá hver áætlun útsvars þriggja síðustu ára hefur verið til samanburðar við niðurstöðu hvers árs. Útsvar fyrir árið 2020 verður óbreytt eða 14,48%.

Gert er ráð fyrir því við gerð áætlunarinnar að íbúum í bænum muni fjölga um 2,1% á næsta ári og verði í árslok 2020 38.620 talsins, en það er varleg áætlun miðað við fjölgunina undanfarin ár.

Margir kjarasamningar starfsmanna bæjarins voru lausir á árinu 2019 og óvíst hvernig nýir kjarasamningar muni líta út. Almenn gildir, að hækkun launa hefur bæði áhrif á útgjöld bæjarins og tekjur, en útsvarstekjur hækka með hærri launatekjum. Útreikningar sem fjármáladeild bæjarins gerði fyrir nokkrum árum sýndu að ef launahækkunir hjá starfsmönnum bæjarins fylgja almennum hækkunum, þá fjármagna hækkunir á almenna markaðinum hækkunir hjá starfsmönnum bæjarins. Ef hins vegar það verður misvægi hér á, þá getur kostnaður auðveldlega farið úr böndunum.


Í tekjuhluta fjárhagsáætlunarinnar er gert ráð fyrir 5,5% hækkun launa í landinu á milli ára sem er áætluð hækkun launavísitölu í þjóðhagsspá Hagstofunnar og er sú forsenda færð til hækkunar í tekjuáætlun bæjarins.

Gert er ráð fyrir að hlutfallslegt atvinnuleysi verði svipað árið 2020 og það er í ár en atvinnuþátttaka og hlutfallslegur fjöldi starfandi íbúa muni aðeins gefa sig á næsta ári, en vegna fjölgunar í bænum muni vinnuafli aukast eða um ríflega 670 manns.


Í áætlun næsta árs er gert ráð fyrir tekjulækkun vegna skattfrjálsrar úttektar af séreignasparnaði til lækkunar á húsnæðisskuldum, sem Alþingi samþykkti í lok árs 2013.

Samkvæmt þjóðhagsspá Hafstofu Íslands sem gefin var út í maí 2019 var áætlað að verðbólga ársins 2020 yrði um 3,2%. Yngri verðbólguþáttur benda þó til þess að verðbólga á árinu 2020 verði eilítið lægri en Hagstofuspáin frá því í sumar. Nýjasta spá sem birst hefur er þjóðhagsspá að vetri frá Hagstofu Íslands (1. nóvember 2019) en þar er gert ráð fyrir að verðbólgan á árinu 2020 verði 2,6%.

Í áætlun bæjarins fyrir 2020 er gert ráð fyrir 2,5% almennri hækkun á alla tekjuliði (sem jafngildir aukningu tekna). Við mat á fjármagnsliðum er gert ráð fyrir að verðbólga verði 3,2%.



Útsvarsgreiðslur – samanburður áætlana útkomu í ársreikningi. Áætlanir hafa staðist nokkuð vel og forsendur hafa verið varfærnar. Upphæðir eru í milljónum króna.



Útsvarsgreiðslur – samanburður áætlaðrar útkomu ársins 2019 og fjárhagsáætlunar 2020. Áætlað er að útsvarstekjur aukist um tæplega 1.800 m.kr. milli ára. Upphæðir eru í milljónum króna.

Að teknu tilliti til ofangreindra forsenda er áætlað að útsvarstekjur ársins 2020 muni nema um 24,6 milljörðum króna, sem jafngildir 7,8% hækkun frá útkomuspá fyrra árs en vænt útkoma ársins 2019 er um 22,8 milljarðar króna.

FASTEIGNAGJÖLD

Á árinu 2019 voru álagningarhlutföll fasteignagjalda lækkuð og er það framhald af skattalækkunarferli sem hófst 2013. Á árinu 2020 er gert ráð fyrir lækkun á hlutfalli fasteignaskatts, bæði fyrir íbúðir og atvinnuhúsnæði, sorphirðugjalds og holræsagjalds. Lóðarleiga íbúðar- og atvinnuhúsnæðis og vatnsskattur helst óbreytt.

Áætlað er að fasteignagjöld skili bæjarsjóði samtals tekjum sem nemi 6,7 milljörðum króna þegar horft er framhjá verðbreytingum á sorpgjöldum og þá er reiknað með að hækkun fasteignagjalda á meðal íbúðareign í bænum verði á pari við áætlaðar verðbreytingar ársins, eða um 3%.

FASTEIGNASKATTUR

Samkvæmt fjárhagsáætlun er lagt til að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði lækki úr 0,220% í 0,215%, sem jafngildir 2,2% lækkun á skatthlutfallinu. Áætlað er þó að tekjur af fasteignaskatti aukist um 7,8% sem má að hluta rekja til hækkunar á fasteignamati en einnig magnaukningar, þ.e.a.s. áætlaðri fjölgun fasteigna í bæjarfélaginu og breytinga á byggingarstigi. Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði lækkar úr 1,50 í 1,49%

VATNSSKATTUR

Vatnsskattur helst óbreyttur á milli ára og verður 0,065% af fasteignamati. Aukavatnsgjald lækkar í samræmi við vísitölu fjárhagsáætlunar, eða um 3,2%.

HOLRÆSAGJALD


Holræsagjald lækkar á milli ára úr 0,105% í 0,090% af fasteignamati.

SORPHIRÐUGJALD

Sorphirðugjald lækkar á milli ára úr 36.800 kr. í 34.300 kr.

LÓÐARLEIGA

Lóðarleiga á einingu íbúðarhúsnæðis helst óbreytt á milli ára og verður 21,43 kr. Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis helst einnig óbreytt á milli ára og verður 180 kr.



Fasteignaskattur á íbúðahúsnæði var lækkaður á yfirstandandi ári og gerir áætlun ársins 2020 ráð fyrir áframhaldandi lækkun.

JÖFNUNARSJÓÐUR


Hluti af áætlun Jöfnunarsjóðs barst í lok október 2019 og eru þær færðar inn í fjárhagsáætlun. Önnur framlög eru skv. grófri áætlun.

AFSLÁTTUR TIL ELLI- OG ÖRORKULÍFEYRISÞEGA

Tekjumörk vegna afsláttar fyrir elli- og örorkulífeyrisþega hækka um 7% milli ára.


LYKILTÖLUR

Ekki er um miklar sveiflur að ræða í rekstri þegar lykiltölur eru bornar saman á milli ára. Laun og launatengd gjöld í hlutfalli við rekstrartekjur hafa verið um 50% undanfarin ár. Á næsta ári er áætlað að tæp 56% af rekstrartekjum bæjarins fari í laun og tengd gjöld starfsmanna, sem má rekja til mikilla launahækkana undanfarin misseri.




Á myndinni má sjá laun og launatengd gjöld í hlutfalli við rekstrartekjur. Þetta hlutfall hefur legið í kringum 50% en er áætlað að verði 55,5% árið 2020.

Launakostnaður hjá bænum hefur farið hækkandi jafnt og þétt. Áætlað er að launakostnaður aukist um 2.018 m.kr. á milli ára sem er töluverð hækkun sem helst má rekja til mikilla launahækkana vegna kjarasamninga og aukinna umsvifa vegna stækkunar bæjarins.




Hér má sjá þróun launakostnaðar frá árinu 2014. Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers ár.

Annar rekstrarkostnaður í hlutfalli við rekstrartekjur breytist lítið á milli ára, en um 32,7% af heildartekjum A-hluta bæjarsjóðs fara í vöru- og þjónustukaupaliði í rekstri málaflokka bæjarins. Sé samstæðan skoðuð þá fara 33,2% af tekjum til að greiða annan rekstrarkostnað.




Á myndinni má sjá annan rekstrarkostnað í hlutfalli við rekstrartekjur. Árið 2020 er gert ráð fyrir að 32,7% skatttekna fari í annan rekstrarkostnað málaflokka.




Skuldir án skuldbindinga hækka frá fyrra ári. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í þúsundum króna.

Skuldir án lífeyrisskuldbindinga á hvern íbúa hafa farið lækkandi undanfarin ár og lækkar frá fyrra ári í áætlun 2020. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs.



Veltufé frá rekstri á hvern íbúa fer lækkandi frá fyrra ári. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í þúsundum króna.

Veltufé frá rekstri á hvern íbúa fer lækkandi frá fyrra ári og nemur skv. áætlun næsta árs 99 þús.kr.



Á myndinni má sjá skatttekjur í þúsundum króna á íbúa. Þessi upphæð hefur farið vaxandi og er áætlað að verði 781 þúsund krónur árið 2020.

Skatttekjur á hvern íbúa hafa farið vaxandi á milli ára og skv. framlagðri áætlun má gera ráð fyrir að þær verði 781 þús.kr. á íbúa á næsta ári.

VELFERÐARSVIÐ

LYKILTÖLUR Í REKSTRI/HELSTU BREYTINGAR

Aðrir liðir í fjárhagsáætlun en þeir sem hér eru nefndir, hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

ÞJÓNUSTUDEILD FATLAÐRA

Árið 2020 er tíunda árið sem sveitarfélög annast og bera ábyrgð á þjónustu við fatlaða, eftir yfirfærslu málaflokksins árið 2011. Málaflokkurinn fer ört stækkandi sem er aðallega að rekja til fjölgunar á notendum þjónustunnar, sérstaklega í liðveislu, enda voru biðlistar eftir þjónustu mjög langir þegar málaflokkurinn var tekinn yfir. Kostnaður vegna félagslegrar þjónusta við fatlaða; liðveislu og frekari liðveislu hefur aukist um meira en 76% frá árinu 2014. Mikil þörf er á þessari þjónustu og því líklegt að þessi kostnaður eigi eftir að aukast hlutfallslega enn frekar á næstu árum.

LIÐVEISLA OG FREKARI LIÐVEISLA

Á sl. 10 árum hefur fjöldi einstaklinga með liðveislu aukist úr 167 í 195 (miðað við lok árs 2018). Í áætlun 2020 er því gert ráð fyrir 0,5 stöðugildi í sértæka heimaþjónustu til að mæta auknum umsvifum í þessari þjónustu. Kostnaður nemur 5,7 m.kr.

Jafnframt er gert ráð fyrir hækkun á stöðugildi umsjónarmanns stuðningsúrræða úr 0,4 í 0,6. Áætlaður kostnaður er 1,4 m.kr.

Þá verður bætt við 1,5 stöðugildi í ótilgreind sambýli fatlaðra til að bregðast við álagi (svokallaðir hlauparar í afleysingar) og nemur kostnaður 9,7 m.kr.

ÞJÓNUSTUDEILD ALDRAÐRA

Kópavogsbúum 67 ára og eldri hefur fjölgað um 56% frá árinu 2009. Stöðugt fleiri íbúar þurfa því á þjónustu að halda sem kallar meðal annars á meiri þjónustu á heimilum aldraðra.

Innleiða á nýja tæknilausn í velferðarþjónustu fyrir einstaklinga með heilabilun sem eru í dagþjónustu í Roðasölum. Um er að ræða innleiðingu á Memaxi/Curron kerfinu þar sem dagskrá dagsins birtist á skjá inni á heimilum notenda, auk þess sem hægt verður að eiga samskipti í gegnum tækin, bæði í formi myndsímtala og skilaboða. Kostnaður nemur 1,8 m.kr.

Til að efla innlitsþjónustu og þjálfun í heimahúsum verður fjármagn veitt til kaupa á DigiRehab kerfinu sem er heimahreyfing fyrir aldraða. Áætlaður kostnaður vegna kaupa kerfiisns er 1,8 m.kr.

Þá er gert ráð fyrir 0,5 stöðugildi sem hefur það hlutverk að skipuleggja æfingar og hreyfingar í heimahúsum sem og fræðslu og þjálfun til starfsmanna, undir handleiðslu iðjuþjálfna. Kostnaður nemur 4,2 m.kr.

BARNAVERND

Bætt verður við 1,0 stöðugildi í barnavernd til að bregðast við auknu álagi í deildinni. Fjöldi tilkynninga fer hækkandi og þá hefur þungi mála jafnframt aukist. Kostnaður í áætlun nemur 10,1 m.kr.

Þá er gert ráð fyrir aukningu stöðugilda í Áttunni – uppeldisráðgjöf. Um er að ræða hækkun á 0,8 stöðugildi forstöðumanns í 1,0 stöðugildi og er áætlaður kostnaður vegna þessa 2,1 m.kr.

RÁÐGJAFI- OG ÞJÓNUSTUDEILD

Á undanförunum 10 árum hefur hlutfall erlendra ríkisborgara í Kópavogi hækkað úr 5,8% í 10,25% og eru í dag 3830 talsins. Þá hefur Útlendingastofnun gefið út 1625 dvalarleyfi til ríkisborgara utan Evrópusambandsins. Samtals 28% (86 einstaklingar) þeirra sem fá fjárhagsaðstoð hafa erlent ríkisfang. Athyglisvert er er að baki þessum 86 einstaklingum eru 61 börn, en að baki 223 Íslendingum sem fá aðstoð eru 73 börn. Alls er fjöldi ríkisfanga utan Evrópusambandsins 35. Það er mikil áskorun að vinna að gagnkvæmri aðlögun erlendra ríkisborgara að íslensku samfélagi. Sú vinna tekur langan tíma, jafnvel fleiri ár, því yfirstíga þarf margar hindranir og sú vinna krefst leiðsagnar, stuðnings og hvatningar með skýrum skilaboðum um þær kröfur sem gerðar eru til einstaklingsins í íslensku samfélagi. Hafa þarf í huga að margir erlendir ríkisborgarar eru í áhættuhópi fyrir félagslegri einangrun og sú einangrun stuðlar að myndun menningarkima sem aftur stuðla að aðgreiningu og sundrung í stað fjölmenningar með gagnkvæmri aðlögun.

Eitt af markmiðum stuðningsþjónustu skv. 25. gr. VII. kafla laga um félagsþjónustu er að veita íbúum stuðning við athafnir daglegs lífs og/eða til þess að rjúfa félagslega einangrun og er þjónustunni ætlað að efla hjálp til sjálfshjálpar.

Í áætlun 2020 er gert ráð fyrir hækkun framlags vegna stuðningsþjónustu við erlenda ríkisborgara, eða sem nemur 1000 tímum. Þjónustan yrði tilsjón og stuðningur (persónulegur ráðgjafi) við aðlögun að íslensku samfélagi, ekki síst fyrir börn og unglinga. Núverandi stuðningur er ekki að ná til þessa fólks með nægilega öflugum hætti og þar með fyrirbyggjandi hætti. Kostnaður nemur 3,5 m.kr.

NÁMSKEIÐ

Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjármagni í námskeið fyrir börn og foreldra sem byggja á forvörnum og snemmtækri íhlutun vegna vanda eins og neyslu, kvíða og þunglyndi. Námskeiðin eru samstarfsverkefni velferðar- og menntasviðs þar sem fagfólk af báðum sviðum sér um skipulagningu og kennslu. Kostnaður nemur 10 m.kr.

MENNTASVIÐ

Fjárhagsáætlun tekur almennt mið af fyrirbyggjandi úthlutunarreglum vegna stöðugilda, yfirvinnutíma, álags sem og annarra þátta. Breytingar geta verið misjafnlega miklar milli skóla og stofnana eftir því hvernig aðstæður breytast á hverjum stað fyrir sig. Gert er ráð fyrir að gjaldskrár hækki almennt um 2,5%.

HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁÆTLANA

Aðrir liðir í fjárhagsáætlun en þeir sem hér eru nefndir, hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

GRUNNSKÓLADEILD

ÚTHLUTUN VEGNA NEMENDA MEÐ ANNAÐ MÓÐURMÁL EN ÍSLENSKU

Nemendum af erlendum uppruna sem falla undir úthlutunarviðmið hefur fjölgað úr 132 í 170 eða um 38 nemendur frá síðasta skólaári. Nauðsynlegt er að auka við úthlutun á grundvelli fjölgunar til að viðhalda óbreyttu þjónustustigi við nemendur af erlendum uppruna. Í þeim tilgangi er lagt til að fjölgað verði um 112 kennslustundir og nemur kostnaður 36 m.kr.

Á grundvelli niðurstaðna úr millimálaprófi er jafnframt lagt til að úthlutun fjármagns vegna nemenda af erlendum uppruna verði aukin til að styðja betur verið nemendur með annað móðurmál en íslensku. Áætlaður kostnaður við að úthluta fleiri tímum er 31 m.kr. Samtals nemur því hækkun vegna íslenskukennslu 67 m.kr. í áætlun ársins 2020.

VERKEFNASTJÓRI INNLEIÐINGAR HEIMSMARKMIÐA

Í áætlun 2020 eru 5. m.kr. áætlaðar í áframhaldandi vinnu við innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna á menntasviði og stefnumarkandi áætlana sem er áætlað að verði lokið haustið 2020. Nýr verkefnastjóri var ráðinn í verktöku haustið 2019 sem vonir standa til að haldi áfram með verkefnið á árinu 2020.

ÍPRÓTTA-, FRÍSTUNDA- OG FORVARNADEILD

FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

Veittar verða 2,5 m.kr. til að auka markvissa fræðslu og forvarnir gegn vímuefnum í grunnskólum. Samkvæmt niðurstöðum Rannsóknar og greiningar er notkun vímuefna að aukast meðal unglunga og finna starfsmenn grunnskóla og félagsmiðstöðva barna og unglunga finna fyrir vaxandi óróa meðal þeirra. Mikil þörf er á að bregðast við með einhverskonar herferð sem miðar að því að fræða foreldra og aðstandendur um ógnina ekki síður en unglungana sjálfa.

Gert er ráð fyrir að aukið verði um 0,2 stöðugildi frístundaleiðbeinenda í 9 mánuði árið 2020 í 6 félagsmiðstöðvum (0,15 aukning á ársgrundvelli í 6 félagsmiðstöðvum). Með aukningu stöðugilda skapast aukinn stöðugleiki í mönnun sem gerir félagsmiðstöðvum kleift að efla forvarnarstarf verulega, m.a. með bættri þjónustu við miðstig sem hefur fyrirbyggjandi áhrif; aukinni dagopnun félagsmiðstöðva til að halda unglungum í skipulögðu starfi eftir skóla og styðja betur við sértækt hópastarf sem hefur það að markmiði að fyrirbyggja félagslega einangrun og óáskilega hegðun. Kostnaður er áætlaður 4 m.kr.

FRÍSTUNDAÞÍLL

Skólaárið 2018-2019 hóf Kópavogsbær og þrjú stærstu íþróttafélög bæjarins samstarf um rekstur frístundabíls. Með aðkomu Kópavogsbæjar er skýr krafa um að öll börn geti nýtt bílana, sama hvaða íþróttagein/tómstund þau stunda og því eðlilegt að bærinn taki aukinn þátt í kostnaði. Gert er ráð fyrir áframhaldandi þátt í rekstri frístundabifreiðar í samstarfi við íþróttafélögin Gerplu, Breiðablik og HK þar sem Kópavogsbær greiði ¼ af aksturskostnaði á móti félögunum og til viðbótar greiði bærinn launakostnað sem nemur samtals 1,0 stöðugildi starfsmanna í bílunum. Áætlaður viðbótarkostnaður vegna aukinnar þátttöku bæjarins í rekstri frístundabíls vegna starfsmannakostnaðar er 4 m.kr. í áætlun ársins 2020.

REKSTRARDEILD

Í áætlun ársins 2020 verður 16 m.kr. varið í heilsuefningu eldri borgara í Kópavogi sem er unnið í samstarfi menntasviðs og velferðarsviðs auk verkefnastjóra lýðheilsamála. Um er að ræða samstarfsverkefni þar sem starfsstöðvar Breiðabliks, HK og Gerplu verða nýttar til að bjóða upp á æfingar, fræðslu og viðburði í þeim tilgangi að styrkja heilsuefningu meðal eldri borgara með fjölbreyttri dagskrá. Fyrirkomulag verkefnisins miðast við hópþjálfun ýmis konar undir stjórn þjálfara í íþróttamannvirkjum bæjarins, en einnig verður boðið upp á opna tíma og aðgengi að mannvirkjunum utan þess tíma sem skipulögð dagskrá fer fram.

UMHVERFISSVIÐ

FRAMKVÆMDIR

Ráðist verður í miklar framkvæmdir á vegum Kópavogsbæjar á næsta ári þar sem framkvæmt verður fyrir rúma 3,1 milljarð króna. Að neðan er að finna upptalningu á umfangsmestu framkvæmdunum sem eru fjármagnaðar úr eignasjóði.

SKÓLAR

Nýr Kársnesskóli við Skólagerði er í byggingu auk þess sem nýr leikskóli mun rísa samhliða. Verður 3,2 milljarði króna varið í það verkefni á næstu fjórum árum. Í áætlun 2020 verður 330 m.kr. varið í byggingu skólans.

Þá verður 110 m.kr. varið í lokafrágang á byggingu við Álfrólsskóla undir skólahljómsveit Kópavogs auk breytinga á sal og eldhúsi í núverandi húsnæði skólans.

ÍÞRÓTTAMANNVIRKI

Á árinu 2020 verður 160 m.kr. varið í endurbætur í Kórnum svo hægt verði að nýta húsnæðið betur í tenglum við það skólastarf sem þar fer fram hjá Hörðuvallaskóla og bættu þjónustu við íbúa í efri byggðum (bókasafn/menningarmiðstöð).

AÐRAR EIGNIR


Í áætlun ársins 2020 er gert ráð fyrir 250 m.kr. í kaup á félagslegu húsnæði en þessir fjármunir eru hugsaðir sem 12% framlag á móti 18% framlagi frá ríkinu. Þá verður 100 m.kr. varið í nýtt sambýli að Fossvogsbrún með sjö íbúðum auk þjónustu. Gamli Kópavogsbærinn í Kópavogstúni og Kópavogshælið verður endurbyggðt og er gert ráð fyrir 100 m.kr. í verkefnið.

BETRA UMHVERFI OG UMFERÐARÖRYGGI

Ríflega 1,5 milljarði verður varið í gatnagerð og tengd verkefni á næsta ári. Samhliða fjölgun íbúða í sveitarfélaginu verður umtalsverðum fjármunum varið í gatnagerð í nýjum og eldri hverfum bæjarins. Á næsta ári verður 190 m.kr. varið í gatnagerð í nýju hverfi 201 Smára, 400 m.kr. á Kársnesi og 70 m.kr. á Auðbrekkusvæði auk þess sem 140 m.kr. verður varið í gatnagerð vegna Glaðheimavegar. Einnig verður umtalsverðum fjármunum varið í umferðaröryggismál, lýsingu, hjóltreiddastíga, gönguleiðir og opin svæði eða um 220 m.kr. Þá verður varið 110 m.kr. í malbiksyfirlagnir á götum bæjarins en sá liður greiðist ekki lengur úr eignasjóði heldur hefur verið færður á rekstur.

ÍBÚALÝÐRÆÐI

Haldið verður áfram með íbúalýðræðisverkefnið „Okkar Kópavogur“ þar sem íbúar ákveða sjálfir tiltekin verkefni sem dreifast um allan bæinn. Á árinu 2020 verður 100 m.kr. varið í verkefnið.



Hér smá sjá þróun útgjalda stjórnarsýslusviðs. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í þúsundum króna. Árið 2017 fór fram uppgjör við Brú lífeyrissjóð sem skýrir hækkun ársins.

SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Á málaflokk 21 er annars vegar færður kostnaður stjórnarsýslusviðs bæjarins og hins vegar ýmis sameiginlegur kostnaður sem er ekki hluti af almennum rekstri bæjarins. Rekstur deilda stjórnarsýslusviðs hefur farið hækkandi undanfarin ár. Á sama tíma hefur rekstur bæjarins aukist verulega, starfsfólki og stofnunum fjölgað, ný verkefni orðið til, nemendum fjölgað á leik- og grunnskólum og íbúum bæjarins fjölgað.

Hluti þeirra útgjalda sem færast á sameiginlegan kostnað er utan reksturs stjórnarsýslusviðs og hefur bærinn lítil áhrif á þau útgjöld. Sem dæmi má nefna rekstrarframlag til lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar eða liðir eins og áfallið orlof, en slík orlofsskuldbinding tengist öllum starfsmönnum bæjarins.

Í áætlun 2020 verður 15 m.kr. varið í umbótaverkefni ýmis konar tengdum stjórnarsýslu bæjarins.

MANNAUÐSMÁL

Á síðasta ári voru mannauðsmál færð af miðlægri starfsmannadeild og yfir á fagsviðin undir hvern og einn sviðsstjóra. Tveir mannauðsráðgjafar voru fyrir en til að ná þeim þriðja var eitt stöðugildi sérfræðings fellt undir ákvörðunina sem hafði þá lokið störfum. Í ljós hefur komið að verkefni sem tilheyrðu því starfi eru verkefni sem enn tilheyra starfsmannadeild en ekki er nægjanlegur mannafla til að sinna þeim. Lagt er til að sú ákvörðun um að fækka sem nemur einu stöðugildi í starfsmannadeild frá fyrra ári verði endurskoðuð og samþykkt verði 1,0 stöðugildi á starfsmannadeild til að sinna fyrrgreindum verkefnum. Nýtt stöðugildi kemur því í stað stöðugildis sem var fært á milli sviða þegar mannauðsmálin voru færð undir sviðsstjóra.

MENNINGARMÁLIN

Gert er ráð fyrir kostnaði vegna endurbóta og viðhalds í Safnahúsi fyrir samtals 22 m.kr. í fjárhagsáætlun 2020. Endurnýja þarf ljósabúnað í Salnum auk miðasölu og baraðstöðu, sem fellur á eignasjóð.

Þá verður 5 m.kr. varið í tækjabúnað í Bókasafni Kópavogs þar sem bæta á við sjálfsafgreiðsluvélum og huga að öryggismálum. Í fyrra

voru 10 m.kr. veittar til að hefja undirbúning nýrrar lestrar- og menningarmiðstöðvar (bókasafn) í efri byggðum Kópavogs og ert gert ráð fyrir áframhaldandi fjármagni í áætlun næsta árs.

Í samræmi við verklagsreglur sem voru samþykktar á árinu 2019 um greiðslur til listamanna fyrir sýningarstörf í Gerðarsafni er gert ráð fyrir fjármagni vegna listamannalauna að upphæð 8,6 m.kr. í áætlun ársins 2020.

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Eftirfarandi forsendur eru notaðar við gerð áætlunar:

VAXTATEKJUR

Hér eru bókaðar allar vaxtatekjur sem Kópavogsbær fær. Lang stærsti liðurinn er reiknaðar vaxta- og verðbótatekjur af fjárbindingu í eignum bæjarins sem gera 2.514 milljónir kr. Þessar tölur eru reiknaðar samkvæmt opinberum reglum og mynda grunn að innri leigu stofnana bæjarins.

Við útreikninginn er nú miðað við sömu vexti og gert var vegna 2017 og reiknað með að verðbólga verði 3,2%.

Varðandi aðrar vaxtatekjur, þá er reiknað með að vanskil verði svipuð og á árinu 2019 og að niðurfærsla eldri vaxtatekna verði óbreytt, því verði jafnvægi í inn- og útflæði á þessum lið.

TEKJUR AF EIGNAHLUTUM

Hér er gert ráð fyrir arði af eign bæjarins í Brunabótarfélaginu og Lánasjóði sveitarfélaga.

VAXTA- OG VERÐBÓTAGJÖLD

Í þjóðhagsspá að vori sem kom út 1. maí sl. var áætlað að verðbólga ársins 2020 yrði 3,2%. Síðari velbólguspár hafa svo áætlað að verðbólga ársins verði ögn lægri. Við útreikning vaxta- og verðbóta var reiknað með 3,2% verðbólgu á næsta ári. Nýjasta spáin er þjóðhagsspá að vetri sem Hagstofa Íslands birti þann 1. nóvember 2019, en þar er gert ráð fyrir að verðbólgan á árinu 2020 verði 2,6%.

Í áætlun er horft framhjá gengismuni eins og áður. Því munu bein áhrif gengisbreytinga hafa óveruleg áhrif á skuldir bæjarins að öðru leyti en því hvernig þær skila sér í hækkaðri vísitölu neysluverðs.

HÚSNÆÐISNEFND KÓPAVOGS

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir Húsnæðisnefnd Kópavogs er gert ráð fyrir 2,5% hækkun húsaleigu milli áráanna 2019 og 2020 auk þess sem leitast er við að færa áætlun 2020 upp með tilliti til útkomu 2019, en nýting íbúða og nýjar íbúðir í útleigu hækka tekjustofninn.